



# ERLENDIR HÖNNUÐIR

**Alexander McQueen** (f. 1969 d. 2010) var breskur fatahönnuður. Hann fór ungur að aldri að sauma föt á systur sínar og útskrifaðist með meistaragráðu frá Central Saint Martins árið 1992. McQueen var valinn „Hönnuður ársins“ í Bretlandi árin 1996, 1997, 2001 og 2003, þar að auki var hann valinn „Alþjóðlegur hönnuður ársins“ árið 2003. Hann vann sem aðalhönnuður Givenchy frá árunum 1996–2001 þegar hann hóf sitt eigið merki<sup>1</sup>. McQueen er þekktur fyrir færni sína í klæðskurði og íburðarmiklar sýningar<sup>2</sup>. Hið gotneska yfirbragð á ævintýrinu um Grimmsbræður er nær hugmyndafræði McQueen en „blæti“ (á ensku orðið fetish) og kvenhatur sem hann er sakaður um að stuðla að. Myrk hönnun McQueen hefur engu að síður mjög kvenlega ímynd. Fatnaður hans hefur höfðað til fjölda áhugaverðra kvenna þar á meðal Bjarkar og Kate Middleton hertogayjunnar af Westminster<sup>3</sup>. McQueen lést árið 2010 og var þá ráðinn nýr listrænn stjórnandi, Sarah Burton, en hún hafði starfað sem aðal aðstoðarmaður McQueen um árabil.

**Ann Demeulemeester** (f. 1959) er belgískur fatahönnuður og lærði fatahönnun við Antwerp's Royal Academy. Hún útskrifaðist þaðan árið 1981 og er ein af „Antwerp Six“ sem er frægur útskriftarhópur úr skólanum og heimsþekktir fatahönnuðir (Walter Van Beirendonck, Dirk Bikkembergs, Marina Yee, Dirk Van Saene, Ann Demeulemeester og Dries Van Noten).

Árið 1985 stofnaði hún sitt eigið merki með eiginmanni sínum. Fyrsta kvenfatalína hennar var sýnd í París árið 1992. Fjórum árum seinna kom hún með karlmannalínu. Ann Demeulemeester er þekkt fyrir notkun sína á svörtu og fyrir hrátt útlit. Hún er talin ein af áhrifamestu fatahönnuðum níunda áratugarins. Demeulemeester hefur skapað sér sérstakan sess innan tískugeirans, henni tekst að halda sig utan við tískustrauma og skapa þannig sérstakan og eftirsóknarverðan stíl. Demeulemeester hannar einnig skó og fylgihluti og eru fata- og fylgihlutalínur hennar seldar í yfir 30 löndum.

**Donna Karan** (f. 1948) er fyrsti ameríski kvenkyns fatahönnuðurinn sem nær að hafa sálfræðileg áhrif á heiminn með hönnun sinni. Konum, sem áður höfðu þurft að klæðast þröngum, aðsniðnum og fremur óþægilegum fatnaði, var nú gert kleift að klæðast fágúðum og snyrtilegum klæðnaði sem var jafnframt þægilegur.

Donna Karan kom fram með sína fyrstu tískulínu árið 1985. Hönnun hennar hefur í gegnum tíðina verið þægilegur fatnaður sem hægt er að nota við flest tækifæri. Þrátt fyrir notalegheit og mikið notagildi fatnaðarinnar er hann engu að síður mjög kvenlegur. Donna Karan tekur mið af nútímakonunni, löngunum hennar og starfsframa<sup>5</sup>. Fötin eru sniðin þannig að þau leggi áherslu á lóðrétta línu, þannig mynda þau langa og straumlínulaga heild<sup>6</sup>.

**Issey Miyake** (f. 1948) kemur frá Hirosima í Japan. Hann kom til Parísar árið 1966 og var fyrst aðstoðarmaður hjá Guy Laroche og síðar hjá Givenchy.

Hann sneri til Japan aftur 1970 en kom svo með hönnun sína aftur til Parísar árið 1977. Það má eiginlega segja að Issey Miyake, Kenzo Takada og Hanae Mori hafi á þessum árum komið með japönsku bylgjuna inn í evrópska fatahönnun. Miyake eins og fleiri japanskir fatahönnuðir gerir tilraunir með þrívídd í fatnaði sínum þar sem hann tekur mið af hreyfanleika hans á líkamanum og möguleikunum sem eru fyrir hendi<sup>7</sup>. Miyake hefur haldið þessum japönsku áhrifum í hönnun sinni og á sjöunda áratugnum er ómögulegt að segja annað en að áhrif hans hafi verið gífurleg á tískuheiminn<sup>8</sup>.

Miyake finnst mikilvægt að veita konunni frelsi í fatnaði sínum þ.e.a.s. að hún geti hreyft sig eins og hún vill. Líkt og margir aðrir japanskir hönnuðir er hugsun hans sú að fatnaðurinn hafi ákveðið flæði og hreyfanleika. Hann vill að líkaminn geri flíkina að því sem hún er. Hugsun hans er sú að sá sem klæðist flíkinni geri hana einstaka með líkama sínum og að hún öðlist nýtt líf og persónulegt gildi<sup>9</sup>. Árið 1999 ákvað Miyake að láta af störfum sem fatahönnuður og eftirlét nafn sitt aðstoðarmanni sínum til langs tíma, Naoki Takizawa. Hann er engu að síður enn viðloðandi þennan geira og fæst við textíl og efnisgerð. Hugmyndir hans eru mjög framúrstefnulegar og spennandi<sup>10</sup>. Árið 2007 ákvað Naoki Takizawa að hefja sitt eigið merki og tók Dai Fujiwara við starfi hans sem liststjórnandi hjá Issey Miyake<sup>11</sup>.

**Jean-Paul Gaultier** (f. 1952) er franskur fatahönnuður. Gaultier leikur sér mikið með kynferði í hönnun sinni. Hann notar hefðbundin kvenleg atriði eins og pils, pífur og gegnsæ efni og setur þau inn í karlmannatískuna. Konum býður hann upp á víðar karlmannaflíkur og axlabönd<sup>12</sup>.

Gaultier hefur gaman af því að hneyksla og kitla hláturtaugarnar hjá fólki en eins og hann segir sjálfur frá þá hefur hann hreinlega bara gaman að því að leika sér með fót<sup>15</sup>. Hönnun hans er mjög alþjóðleg þar sem hann notar humyndir úr þjóðareinkennum og þjóðbúningum. Ýmis áhrif eru þannig sýnileg í hönnun hans eins og t.d. handverk inuíta, rússneskir búningar, mongólískt leður, búningar allt frá Kólumbíu til Kúbu o.s.frv.<sup>13</sup>

**Marc Jacobs** (f. 1963) er amerískur fatahönnuður. Marc Jacobs stundaði nám við Parsons School of Design í New York og hannaði sína fyrstu línu fyrir Marc Jacobs merki sitt árið 1987. Marc Jacobs hefur ásamt merki sínu verið listrænn stjórnandi fyrir Louis Vuitton frá 1997–2013 en ákvað þá að einbeita sér að sínu eigin merki<sup>14</sup>. Hvert tímabilið á fætur öðru tekst hönnuðinum að vita nákvæmlega hvað konur um allan heim vilja klæðast hverju sinni<sup>15</sup>. Innblásturinn að fagaðri hönnun hans er auðvelt að finna í klassískum amerískum fatnaði. Kunnulegum hlutum, á borð við skólabúninga, íþrótt- og gallaklæðnað, umbreytir hann í vel sniðna og fallega lúxusvöru<sup>16</sup>.

**Miuccia Prada** (f. 1950) er ítalskur fatahönnuður. Hún kom til liðs við leðurfyrirtækið Prada, sem stofnað var af afa hennar Mario Prada árið 1913, á seinni hluta áttunda áratugarins.

Í byrjun hafði fyrirtækið einblínt á að búa til handtöskur, ferðatöskur, skó og fylgihluti. Þegar Miuccia Prada hóf störf sín fór hún einnig að hanna fatnað og árið 1989 kom hún með sína fyrstu tískulínu.

Hún hefur þróað mjög einstakan stíl og á hæfileikaríkan hátt tekst henni að blanda saman hreinleika, mínimalisma og fjölbjóðlegum áhrifum<sup>17</sup>.

Henni finnst einnig nauðsynlegt að láta hönnun sína ekki vera fyrir ákveðinn aldurshóp þar sem henni finnst aldur ekki vera nútímalegt fyrirbæri. Þegar öllu er á botninn hvolft finnst henni mikilvægt að „láta vaða“ og taka áhættur og nýta sér þær hugmyndir sem upp koma hverju sinni<sup>18</sup>.

**Shawn Stüssy**, er bandarískur fatahönnuður og brimbrettagaur. Hann markaðssetti sig frá upphafi með því að prenta eiginhandaráritun sína á stuttermaboli og selja á Long Beach í Kaliforníu (U.S.A) í byrjun níunda áratugarins. Stüssy er fatamerki sem stendur fyrir hversdagslegum fatnaði sem engu að síður er mjög klassískur og spennandi.

Stüssy markaði sér nafn með því að fá fræga fólk í mismunandi heimshornum (Japan, London o.fl.) til að kynna fatnað sinn. Tónlistarmenn, brettagaurar, plötusnúðar og aðrir listamenn klæddust því fatnaði hans. Á tíunda áratugnum var Stüssy fatnaður, klæðnaður sem tengdist hip-hop tónlist. Alveg eins og í hip-hop tónlistinni skeytti hann saman ýmsum myndum frá mismunandi tímabilum, félags- hópum og tónlistarstíl í skrauti sínu á fatnaðinum.

Stüssy er nú einskonar „götu“ tískufatnaður (street fashion) sem blandar saman mismunandi klæðnaði eins og brettafatnaði, vinnufatnaði og tískufatnaði<sup>19</sup>.

Shawn Stüssy seldi vörumerkið viðskiptafélaga sínum árið 1996 og er nú með sitt eigið vörumerki *S/ Double*.

**Vivienne Westwood** (f.1941), var fyrsti breski fatahönnuðurinn sem varð súperstjarna<sup>20</sup>. Hún bjó til nútímapönkið á áttunda áratugnum.

Vivienne sem var áður grunnskólakennari ætlaði að móta pönktískuna til þess að mótmæla velferðarþjóðfélaginu, hins vegar varð þessi klæðnaður aðalfatnaður eiturryfjaneytenda og missti þannig marks. Eftir það fannst henni glæsileiki og fegurð eina leiðin til þess að sýna fram á flatneskju hins vestræna heims. Westwood vinnur á gamansaman hátt úr gömlum stíltegundum og kemur sífellt á óvart. Varla nokkur tiskufrömuður þekkir sögu tiskunnar jafn vel og hún og er hún fær um að stæla hana á mjög skynsamlegan hátt þar sem alltaf eitthvað nýtt verður úr<sup>21</sup>.

Með því að sækja hugmyndir frá þjóðfræðilegum og sögulegum atriðum, gera fátækt rómantíska og ýkja upp kynjahugmyndir hefur Vivienne Westwood orðið drottning þessarar listar. En eins og hún orðar það sjálf, „I just want to fuck everything up“, mig langar bara til þess að rugla í þessu öllu<sup>22</sup>.

**Heimildir:** 1. [http://en.wikipedia.org/wiki/Alexander\\_McQueen](http://en.wikipedia.org/wiki/Alexander_McQueen) 2. Jones, Terry and Avril Mair, 2002, bls. 324. 3. Jones, Terry, 2009, bls. 446. 4. Jones, Terry, 2009, bls. 136. 5. Seeling, Charlotte, 2000, bls. 597. 6. Icons of fashion, 1999, bls. 135. 7. Seeling, bls. 438. 8. McDowell, bls. 437. 9. McDowell bls. 440. 10. [www.vam.ac.uk/vastatic/microsites/rad\\_fash/html/designers/28.html](http://www.vam.ac.uk/vastatic/microsites/rad_fash/html/designers/28.html) 11. [http://en.wikipedia.org/wiki/Issey\\_Miyake](http://en.wikipedia.org/wiki/Issey_Miyake) 12. Lehnert, bls. 174. 13. McDowell, bls. 347. 14. [http://en.wikipedia.org/wiki/Marc\\_Jacobs](http://en.wikipedia.org/wiki/Marc_Jacobs) 15. Jones, Terry, 2009, bls. 294. 16. Jones, Terry and Avril Mair, 2002, bls. 224. 17. Lehnert, bls. 172. 18. Icons..., bls. 161 19. <http://en.wikipedia.org/wiki/Stussy> 20. McDowell, bls. 105. 21. Lehnert, bls. 175–176. 22. McDowell, bls. 308.